



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

23. Fundur lýðheilsu og æskulýðsnefnd. Haldinn mánudaginn 03.11.25 kl. 16.00 í kaffistofunni í Íþróttahúsinu Flúðum.

Fundinn sátu: Sigfríð Lárusdóttir, formaður og ritari, sem setti fund og stjórnaði, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir nefndarmaður, Anna Kristín Lárusdóttir varamaður, Aldís Hafsteinsdóttir sveitastjóri.

1. Heilsuvika 2026

Lagt til að heilsuvikan verði aftur í tengslum við uppskeruhátíð eða vikuna 31.8.26 – 6.9.26. Kristlaug Þórsdóttir sendi nefndinni hugmyndir af fyrirlestrum er tengjast fjölskyldu, uppeldi, kvenn og karlheilsu. Vill nefndin þakka henni kærlega fyrir þessar hugmyndir. Nefndin ætlar einnig að fá hugmyndir frá ungmennaráði fyrir heilsuviku næsta árs. Annars er nefndin á fullu að skoða hvað sé í boði fyrir heilsuviku Hrunamannahrepps 2026.

2. Forvarnastefna Hrunamannahrepps

- Þarf að setja upp stefnu og skilgreina hlutverk þeirra sem koma að stefnunni og hvernig stefnunni er fylgt eftir.
- Lýðheilsu og forvarnastefna er æskilegra nafn fyrir svona stefnu.
- Formaður mun funda með skólastjórnendum, formanni stýrihóps Barnvænssamfélags, ungmennaráði, formann skólanefndar og forstöðumanni Félagsmiðstöðvarinnar Zero til að fara yfir núverandi stefnu og hvað megi bæta.
- Tölvupóstur var sendur á formann eldri borgara og Else Nilsen fyrir hönd einstaklinga með fatlanir til að horfa á stefnuna með gagnrýnum augum og hvað mætti betur fara í stefnunni.

3. Skipun í ungmennaráð

- Íris Birna Árnadóttir, Sara Nadía Gunnarsdóttir sitja áfram í ungmennaráði
- Varamenn eru óbreyttir.

4. Íþróttamaður ársins 2025

Óska eftir tilnefningum til íþróttamanns ársins 2025 í janúar 2026. Nefndin fer að safna upplýsingum um íþrótttaafrek ársins 2025.

5. Önnur umræða fjárlaga er varða lýðheilsu og æskulýðsnefnd fyrir árið 2026.

- Sveitastjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun 2026 er varðar lýðheilsu og æskulýðsnefnd
- Nefndin óskar eftir að gert verði ráð fyrir í fjárlögum
 - o Gönguleið út að Miðfelli skoða hvernig sé best að haga gönguleið meðfram bílvegi eða í gegnum kvennfélagsskógin og í gegnum land Hellisholts.
 - o Klára göngustíg að fótboltavelli.
 - o Reiðhjólabraut/ útivistasvæði ýmist fyrir unga iðkendur og svo eldri iðkendur. Mikilvægt er að framtíðarsýn sveitarfélagsins sé að bjóða uppá sem flesta göngu/hjólastíga til að hvetja íbúa til að hreyfa sig og njóta umhverfisins og útivistar.

- Ráða inn lýðheilsu og viðburðafulltrúa til sveitafélagsins sem myndi bera ábyrgð á verkefnum á borð við, heilsuviku, barnvænu samfélagi, viðburðum sveitafélagsins, halda utan um íþróttastarf í sveitafélaginu, sjá um að sumarnámskeið fyrir börn séu til staðar og ráða inn starfsfólk til að sinna því, vinna að forvarnastefnu sveitafélagsins og sjá til þess að henni sé fylgt eftir. Halda utan um starf og hreyfingu eldri borgara. Svo eitthvað sé nefnt.
- Kanna hvort hægt væri að skipta um dúk á sundlauginni og hvort hægt væri að kaupa nýjar klórdælur og hvort það væri raunhæfur kostur til að auka líftíma sundlaugarinnar okkar. Einnig þyrfti að steypa stétt og laga aðgengi. Jafnvel athuga með vaðlaug.
- Koma á félagsmiðstöð/frístund fyrir börn á miðstigi til að brúa bil milli skóla og íþróttatímastunda.

Fundi slitið kl 18.03